

Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu

Mál nr. 119/2023 Birt: 27.06.2023 Síðast uppfært: 14.08.2023

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Annað
- Málefnasvið:
- Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Til umsagnar

Umsagnarfrestur er 27.06.2023–31.08.2023. Umsagnir verða birtar jafnóðum og þær berast.

[Senda inn umsögn](#)

Málsefni

Ósk um sjónarmið hagsmunaaðila og annarra vegna vinnu starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu.

Þann 7. júní sl. skipaði fjármála- og efnahagsráðherra starfshóp sem falið er að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu, Sjá nánar fréttatilkynningu á heimasíðu ráðuneytisins, dags. 7. júní sl.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram vilji til að skapa sátt um nýtingu auðlinda. Ríkisstjórnin leggur áherslu á baráttuna við loftlagsbreytingar með samdrætti í losun, orkuskiptum og grænni fjárfestingu. Um leið er það verkefni ríkisstjórnarinnar að búa íslenskt samfélag undir aukna tæknivæðingu auk þess að tryggja áframhaldandi lífskjarasókn allra kynslóða. Orkuskipti eru þannig ríkur þáttur í að styrkja efnahagslega stöðu landsins og að því er stefnt að Ísland verði í forystu í þeim efnum á alþjóðavísu.

Í stjórnarsáttmálanum kemur einnig fram að setja skuli sérstök lög um nýtingu vindorku með það að markmiði að einfalda uppbyggingu vindorkuvera til framleiðslu á grænni orku. Jafnframt kemur fram að áhersla verði lögð á að vindorkuver byggist upp á afmörkuðum svæðum nærri tengivirkjum og flutningslínunum þar sem unnt verði að tryggja afhendingaröryggi og lágmarka umhverfisáhrif.

Þann 11. júlí 2022 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfshóp sem falið var að skoða og gera tillögur til ráðuneytisins um hvernig framangreindum markmiðum um nýtingu vindorku verði náð. Starfshópurinn skilaði stöðuskýrslu til ráðherra í apríl sl.

Brýnt þykir að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu í stærra samhengi með það að markmiði að skapa henni nýja skattalega umgjörð og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.

Starfshópi fjármála- og efnahagsráðherra er m.a. gert að afla upplýsinga og gagna um úrlausnarefnið ásamt því að skoða þau atriði sem fram koma í stöðuskýrslu starfshóps um málefni vindorku.

Í ljósi þess að skattaumhverfi orkuvinnslu snertir marga aðila hefur starfshópurinn ákveðið í upphafi vinnunnar að gefa hagsmunaaðilum og öðrum aðilum kost á því að koma að ábendingum og/eða tillögum til starfshópsins sem stutt geta við vinnu hópsins vegna skoðunar á skattalegu umhverfi orkuvinnslu.

Frestur til að skila inn umsögnum er til og með 31. ágúst 2023.